

Fundargerð 141. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 1. apríl 2025 kl. 13:00-14:30
Fundurinn er fjarfundur.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Helga Kristín Kolbeins. Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Karl Rúnar Þórsson, Maj-Britt Hjördís Briem.

Gestir: Haukur Harðarson og Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir, sérfræðingar FA

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt milli funda.

2. Sjúkraliðabraut - fjölgun áfanga til raunfærnimats. Niðurstöður (Þessum lið var frestað á síðasta fundi) - Kynning Haukur Harðarson, sérfræðingur FA

Í vetur hefur verið í gangi verkefni hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri, SÍMEY og Þekkingarneti Þingeyinga þar sem gerð var tilraun með að meta mun fleiri áfanga í raunfærnimati á sjúkraliðabraut, en hingað til hefur verið gert, eða alls 20 áfanga í stað sex áfanga sem hingað til hafa verið til mats. Áfangar til mats voru valdir í samvinnu við Sjúkraliðafélag Íslands. Fjöldi þátttakenda sem fór í mat voru 23.

Verkefnið var unnið að frumkvæði FA sem hefur bent á mikilvægi þess að fjölga áföngum til mats, en reglugerð 1163/2011 er skýr með rétt einstaklings til raunfærnimats. Á móti hafa komið efasemdir um að hægt sé að ná í þekkingu og hæfni utan skóla.

Niðurstaðan af tilraunaverkefninu var að þátttakendur stóðust hluta af þeim áföngum sem voru nýir til mats. FA hefur því lagt til að áföngum til mats á sjúkraliðabraut verði fjölgað í samræmi við niðurstöður verkefnisins. Í tillögum FA er gert ráð fyrir því að áfangar sem þátttakendur stóðust mat í verði bætt inn í matslista og að áfangar sem enginn þátttakandi valdi verði ekki til mats. Einnig er lagt til að þeir áfangar sem þátttakendur völdu en fáir stóðust verði skoðaðir sérstaklega. Í flestum tilvikum þýðir það að áfangar sem fáir eða engir stóðust mat verði ekki í boði til raunfærnimats. Sjúkraliðafélag Íslands og Mennta- og barnamálaráðuneytið hafa lýst sig sammála þessari nálgun.

3. Kynning á tölfræði ráðgjafar 2024 - Guðrún Erla Ö. Ólafsdóttir, sérfræðingur FA

Hulda Anna vék af fundinn vegna annarra verkefna.

Alls voru tekin rúmlega 9.000 viðtöl á árinu 2024, sem er lítilsháttar fækkun frá 2023. Á bak við þessi viðtöl eru tæplega 4.500 einstaklingar, eða um tvö viðtöl að meðaltali á hvern einstakling. Rafræn viðtöl eru 60% af heildinni, en hefðbundin viðtöl eru 39%. Karlar eru um 52% en konur 48%, önnur kyn mælast ekki. Lang flest eru á aldursbilinu 26 – 49 ára. Alls eru 86% viðtala við fólk úr markhópnum, en 14% eru utan markhópsins. Heimilt er að allt að 20% viðtala séu við einstaklinga utan markhópsins. Um 66% eru í starfi en 34% eru ýmist í atvinnuleit, í námi, starfsendurhæfingu eða á örorku.

4. Samantekt frá fundi með framkvæmdastjórum símenntunarmiðstöðva 6. mars s.l.

Inga Dóra fór yfir það helsta sem kom fram í samtali við fulltrúa fræðsluaðila á fundinum. Má þar m.a. nefna að nokkrar miðstöðvar eru langt komnar með úthlutun ársins til námsleiða. Ánægja er með möguleikann á að brjóta upp námskrár í námsleiðir, en nokkrar miðstöðvar eiga í erfiðleikum með að ná í nógu stóra hópa úr markhópnum, til að fara af stað með námsleiðir.

Þá finna miðstöðvarnar fyrir auknum áhuga hjá fyrirtækjum á ráðgjöf um nám og störf fyrir starfsfólk. Einnig kom fram að erfiðlega gengur að ráða menntaða náms- og starfsráðgjafa til starfa í framhaldsfræðslunni.

5. Önnur mál

Flutningur málaflokks framhaldsfræðslu milli ráðuneyta.

Sú breyting var gerð við myndun núverandi ríkisstjórnar að málaflokkur framhaldsfræðslunnar færðist frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu (nú Félags- og húsnæðismálaráðuneyti) til Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Tók flutningurinn gildi þann 15. mars s.l.

- a. Óskað eftir að Maj-Britt og Bergþóra verði með kynningu á hæfnilaunakerfinu; kynningu sem þær voru áður með á sameiginlegum fundi framkvæmdastjórum símenntunarmiðstöðvanna, sérfræðingum FA og formanni stjórnar Fræðslusjóðs. Lagt til að þessi kynning verði á næsta fundi.